

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um tölfraði um tekjur fólks eftir þjóðerni, eignir o.fl.

„Det Nationale Integrationsbarometer“, sem vísað er til í fyrirspurninni, er mælaborð á vegum danskra stjórnvalda sem sett var á laggirnar árið 2012 til að fylgjast með og meta árangur af samþættingu innflytjenda að dönsku samfélagi. Mælaborðið fylgist með framvindu eftirfarandi níu lykilmarkmiða:

1. Aukin atvinnuþátttaka innflytjenda.
2. Bætt menntun.
3. Efling dönskukunnáttu.
4. Aukin þátttaka í dönsku samfélagi.
5. Minni mismunur íbúa sem eru ekki af vestrænum uppruna.
6. Tryggja sjálfsákvörðunarrétt innflytjenda.
7. Draga úr þörf innflytjenda á opinberri framfærslu.
8. Draga úr samþjöppun innflytjenda á tilteknum svæðum eða hverfum.
9. Draga úr glæpatíðni innflytjenda.

Upplýsinganna sem birtar eru í mælaborðinu er ýmist aflað frá opinberum aðilum, svo sem Hagstofu Danmerkur, eða úr sérstökum spurningakönnunum. Ráðuneyti félagsmála og samþættingar (Social- og Integrationministerium) birti mælaborðið fyrst árið 2012 en ráðuneyti útlendinga og samþættingar (Udlændinge- og Integrationministeriet) safnar þeim upplýsingum sem ekki eru þegar opinberar.

Hérlendis fer fjármála- og efnahagsráðuneytið hvorki með opinbera hagskýrslugerð né málefni innflytjenda. Ráðuneytið hefur ekki haft í hyggju að safna umfangsmeiri tölfraði á sínum vegum um stöðu hópa eftir þjóðerni heldur en nú þegar er gert.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið býr hins vegar yfir gögnum úr álagningarskrá Skattsins fyrir alla framteljendur landsins frá árinu 2004. Þessar skrár hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um eignir og skuldir einstaklinga ásamt tilteknum skattgreiðslum. Í skránni eru ýmsar bakgrunnsbreytur, þar á meðal eru upplýsingar um ríkisfang. Ráðuneytið býr þannig yfir upplýsingum um tekjur, eignir, skuldir og tilteknar skattgreiðslur eftir ríkisfangi sem nýst geta við að bregða ljósi á hluta þeirra málefna sem felast í tölfraði danskra stjórnvalda í því skyni að svara fyrirspurninni.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum með flokkun eftir þjóðerni. Hér er sá skilningur lagður í hugtakið að átt sé við upprunaland eða landið þar sem einstaklingur hefur fæðst eða er ættaður frá. Í álagningarskrá Skattsins eru hins vegar ekki skráðar upplýsingar um þjóðerni fólks heldur eingöngu ríkisfang einstaklinga sem tilgreinir það land þar sem viðkomandi hefur ríkisborgararétt samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Í þeim tilfellum þegar einstaklingar hafa fleiri en eitt ríkisfang er það undir þeim sjálfum komið hvaða ríkisfang er skráð í þjóðskrá. Frekari upplýsingar hefur ráðuneytið ekki um þjóðerni fólks og byggist svarið þar af leiðandi á skráðu ríkisfangi einstaklinga í álagningargögnum. Í þessu sambandi er einnig

ástæða til að benda á að á Íslandi búa þúsundir einstaklinga af erlendum uppruna sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. Frá síðustu aldamótum til ársins 2022 höfðu tæplega 13.600 innflytjendur fengið breytingu úr erlendu ríkisfangi í íslenskt.¹ Þar af voru um 3.050 sem voru áður með pólskt ríkisfang og er það langfjölmennasti einstaki innflytjendahópurinn með erlent ríkisfang sem fengið hefur íslenskt ríkisfang á þessu tímabili. Innflytjendur sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt hafa þá flestir einnig íslenskt ríkisfang og hafa því sömu stöðu að þessu leyti í skattagögnum og innfæddir Íslendingar. Þó kunna þeir í sumum tilvikum að vera skráðir með erlent ríkisfang ef viðkomandi ríki heimilar tvöfaldan ríkisborgararétt. Þarf því að hafa þennan fyrirvara á svarinu að ráðuneytið býr ekki að einhlítum gögnum um þjóðerni eða upprunalönd framteljenda, heldur einungis um skráð ríkisfang þeirra, þannig að líta má svo á að fjöldi fólks af erlendum uppruna sé vantalinn sem þessu nemur.

Einstaklingar í skattálagningunni 2023 eru skráðir á ríflega 170 ríkisföng. Þar af eru einstaklingar með íslensk ríkisföng 265.413 talsins en 66.649 eru með erlend ríkisföng. Mikil dreifing er á fjöldanum eftir ríkisfangi og í sumum tilvikum eru mjög fáir skráðir sem ríkisborgarar tiltekins lands.


Þá er rétt að nefna að auk skattgreiðslna geymir álagningarskrá einnig upplýsingar um tilfærslur til einstaklinga, svo sem barnabætur, vaxtabætur, atvinnuleysisbætur og húsnæðisbætur. Ráðuneytið býr hins vegar ekki yfir upplýsingum um neysluskatta niður á einstaklinga eða þjóðerni né heldur upplýsingum um önnur útgjöld hins opinbera, svo sem vegna heilbrigðisþjónustu eða félagslegrar þjónustu, niður á einstaklinga eða þjóðerni.

1. Heldur íslenska ríkið tölfræði um framlag fólks til hins opinbera eftir þjóðerni líkt og dönsk stjórnvöld gera með Det Nationale Integrationsbarometer? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að taka saman slíka tölfræði?

Sem fyrr segir þá býr fjármála- og efnahagsráðuneytið að töluverðu leyti yfir þeim upplýsingum sem spurt er um varðandi framlög fólks til hins opinbera þótt þær séu þó ekki fyllilega sambærilegar við þær sem vísað er til að birtar eru í Danmörku. Helst má líkja upplýsingum ráðuneytisins við málefni 7 í mælaborði danskra stjórnvalda, þ.e. um framfærslu hins opinbera. Meðfylgjandi mynd sýnir „framlög“ einstaklinga til hins opinbera út frá samtölu tekjuskatts, útsvars, fjármagnstekjuskatts, útvarpsgjalds og gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

¹ https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfbr/MAN04119.px

Íslendingar greiða að jafnaði hærra skatta en aðrir og bilið á milli hópa eykst með hærra aldri
Greiddir skattar* á mann eftir aldri og ríkisfangi, kr.




*Þeir skattar sem tekið er tillit til við útreikning eru tekjuskattur, útsvar, fjármagnstekjuskattur, útvarpsgjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.
Heimild: Álagningarskrá, fjármála- og efnahagsráðuneytið

2. *Heldur íslenska ríkið tölfraði um útgjöld hins opinbera til fólks eftir þjóðerni líkt og dönsk stjórnvöld gera með Det Nationale Integrationsbarometer? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að taka saman slíka tölfraði?*


Sem fyrr segir býr ráðuneytið yfir upplýsingum um viðtakendur vaxtabóta, barnabóta, atvinnuleysisbóta, húsnæðisbóta, greiðslna frá Tryggingastofnun og félagslegs stuðnings með flokkun samkvæmt skráðu ríkisfangi einstaklinga. Að öðru leyti býr ráðuneytið ekki yfir upplýsingum um viðtakendur annarra greiðslna, svo sem niðurgreiðslna á ýmissi opinberri þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu eða skólagöngu. Ráðuneytið hefur ekki í hyggju að safna slíkum gögnum að svo stöddu. Meðfylgjandi myndir sýna annars vegar samtölu vaxtabóta, barnabóta, atvinnuleysisbóta, húsnæðisbóta, greiðslur frá Tryggingastofnun og félagslegs stuðnings og hins vegar samtölu tekjuskatts, útsvars, fjármagnstekjuskatts, útvarpsgjalds og gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra að frádregnum vaxtabótum, barnabótum, atvinnuleysisbótum, húsnæðisbótum, greiðslum frá Tryggingastofnun og félagslegum stuðningi.

Tilfærslur til fólks með erlent ríkisfang eru að meðaltali lægri en til fólks með íslenskt ríkisfang
Meðaltilfærslur* eftir ríkisfangi og aldri árið 2023, kr.



*Þær tilfærslur sem tekið er tillit til eru vaxtabætur, barnabætur, atvinnuleysisbætur, húsnæðisbætur, greiðslur frá Tryggingastofnun og félagslegur stuðningur.
Heimild: Álagningarskrá, fjármála- og efnahagsráðuneytið

Hrein framlög til hins opinbera eru hæst meðal fólks með íslenskt ríkisfang
Meðaltal hreinna framlaga á mann* - Skattgreiðslur að frádregnum tilfærslum árið 2023, kr.




*Þeir skattar sem tekið er tillit til við útreikning eru tekjuskattur, útsvar, fjármagnstekjuskattur, útvarpsgjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Þær bætur sem tekið er tillit til eru vaxtabætur, barnabætur, atvinnuleysisbætur, húsnæðisbætur, greiðslur frá Tryggingastofnun og félagslegur stuðningur.

3. *Heldur íslenska ríkið tölfæræði um þróun ráðstöfunartekna og eigna og skulda eftir þjóð-
erni líkt og dönsk stjórnvöld gera með Det Nationale Integrationsbarometer og sam-
bærilegt því sem gert er á vefsíðunni tekjusagan.is? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í
hyggju að taka saman slíka tölfæræði?*

Fjármála- og efnahagsráðuneytið býr yfir upplýsingum um tekjur, skatta, eignir og skuldir einstaklinga eftir ríkisfangi úr álagningarskrá, eins og áður segir. Meðfylgjandi myndir sýna meðalráðstöfunartekjur, meðalskattgreiðslur, meðaleignir og meðalskuldir eftir aldri og ríkisfangi.

Ráðstöfunartekjur fólks með íslenskt ríkisfang eru að jafnaði hærri en hjá öðrum


Meðalráðstöfunartekjur á ári eftir ríkisfangi og aldri árið 2023, kr.



Heimild: Álagningarskrá, reiknað af fjármála- og efnahagsráðuneytinu


Virði eigna fólks með íslenskt ríkisfang er talsvert hærri en hjá öðrum hópum

Meðaleignir árið 2023, kr.




Heimild: Álagningarskrá, reiknað af fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Skuldir fólks með íslenskt ríkisfang eru hærri en annarra
Meðalskuldir árið 2023, kr.



Heimild: Álagningarskrá, reiknað af fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Hrein eign fólks með íslenskt ríkisfang er að jafnaði mun meiri en
annarra
Meðal hrein eign á mann, kr.



Heimild: Álagningarskrá, reiknað af fjármála- og efnahagsráðuneytinu